



Þingskjal 1

Lagt fram af stjórn UMSS

Þakkar- og hvatningar tillögur

104. ársþing UMSS, Félagsheimilið Tjarnabær, Flæðagerði hjá Svaðastaðahöllinni á Sauðárkróki, þann 27. apríl 2024,

- færir Skagafirði bestu þakkir fyrir veittan stuðning og samstarf á árinu 2023.
- þakkar Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) fyrir veittan stuðning og samstarf vegna ULM á árinu 2023 og liðnum árum.
- þakkar Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) fyrir veittan stuðning á liðnum árum.
- hvetur alla félag, unga sem aldna, að fjölmenna á mót og viðburði UMFÍ í sumar, þ.á m. Forsetahlaupi UMFÍ haldið þann 9. maí á Álftanesi, Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7.-9. júní, og Unglingalandsmót UMFÍ sem fram fer í Borgarnesi 1.-4. ágúst og Drulluhlaup UMFÍ.
- hvetur alla félag, unga sem aldna, að taka þátt í árlegum viðburðum ÍSí; Hjólum í vinnuna, Göngum í skólann, Hjólum í skólann, Lífshlaupið, Syndum, Íþróttaviku Evrópu og Ísland á iði.
- hvetur sveitarfélagið Skagafjörð til þess að hraða vinnu við framtíðar stefnumörkun íþróttamála í Skagafirði og um leið hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að í þeirri vinnu verði leitað til allra hagsmunaaðila, núverandi staða metin og framtíðaráform þarfagreind þannig ráðast megi í framlagðar tillögur innan ákveðins tímaramma. Ársþing UMSS fagnar því að til standi að ráðast í þessa vinnu og bindur vonir við að hún styrki enn frekar það öfluga íþróttastarf sem fram fer innan héraðs.
- hvetur sveitarfélagið Skagafjörð og Íþróttafélög á sambandssvæði UMSS að taka virkan þátt í verkefninu **Allir með**, samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSI, UMFÍ og ÍF).

Greinargerð:

Um er að ræða þriggja ára verkefni sem ætlað er að fylgja eftir 30. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Verkefnið er styrkt af Félags- og vinnumálaráðuneytinu, Heilbrigðisráðuneytinu og Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Framkvæmd verkefnisins er í höndum íþróttahreyfingarinnar og verður unnið á tímabilinu 2023–2025.

Markmið verkefnisins er: Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna. Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir með viðeigandi aðlögun.

Að allir skulu eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap.

Á heimasíðu verkefnisins er hægt að sækja um styrk vegna verkefna sem fela í sér inngildinguna fatlaðra í íþróttastarf hjá íþróttafélögum.



Þingskjal 2

Lagt fram af stjórn UMSS

Breytingar á aðildarfélögum UMSS

104. ársþing UMSS, Félagsheimilið Tjarnabær, Flæðagerði hjá Svaðastaðahöllinni á Sauðárkrók. Þann 27. apríl 2024, leggur til eftirfarandi breytingar á aðildarfélögum UMSS:

I. Skráningu Pílukastfélag Skagafjarðar í UMSS

Í 4.gr. laga UMSS stendur; „Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandsvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög og stefnuskrá UMSS, UMFÍ og ÍSÍ.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSÍ. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgða aðild til næsta ársþings.

104. Ársþing UMSS
27.apríl, Félagsheimilið Tjarnabær, Sauðárkróki



Þingskjal 2 *fylgiskjal 1*

Umsókn Pílukastfélags Skagafjarðar um aðild að Ungmennasambandi Skagafjarðar

Sauðárkróki 28.mars 2024.

Með bréfi þessu sækir Pílukastfélag Skagafjarðar kt: 490123-2020 um aðild að UMSS (Ungmennasambandi Skagafjarðar). Pílukastfélag Skagafjarðar var stofnað 16. desember 2022 á Sauðárkróki. Heimili þess og varnarþing er í Skagafirði og er félagssvæðið Skagafjörður.

Formaður: Arnar Geir Hjartarson kt: 100295-3859
Gjaldkeri: Atli Víðir Arason kt: 070889-3829
Ritari: Þróstur Kárason kt: 310895-2459
Meðstjórnandi: Ingvi Þór Óskarsson kt: 260693-2559
Meðstjórnandi: Jón Oddur Hjálmtýsson kt: 190583-2959

Fh. Pílukastfélags Skagafjarðar

Arnar Geir Hjartarson

formaður



Þingskjal 2 *fylgiskjal 2*

LÖG PÍLUKASTFÉLAGS SKAGAFJARÐAR

1. gr.

Heiti félagsins er Pílukastfélag Skagafjarðar. Skammstafað PKS. Heimili félagsins og varnarþing í Skagafirði. Félagið er aðili í Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2. gr.

Markmið félagsins er iðkun píluíþróttarinnar, að efla og skipuleggja pílukast í Skagafirði, ásamt því að stuðla að þróun og bættu aðgengi að íþróttinni.

3. gr.

Félagsmaður getur hver orðið sem þess óskar. Félagsmaður telst ekki fullgildur nema við greiðslu árgjalds. Meirihluti stjórnar getur áminnt eða vikið félagsmanni úr félaginu hafi hann gerst brotlegur við lög félagsins.

4. gr.

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi ár hvert. Skal fjárhæðin taka gildi á næsta almanaksári og koma til innheimtu í byrjun þess árs.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm félagsmenn: Formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Stjórnin skal öll kosin árlega og skal formaður kosinn sérstaklega.

6. gr.

Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir. Stjórninni ber að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna. Hún hefur umsjón með eignum og boðar til funda. Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið nema þrír stjórnarmenn séu henni fylgjandi.

7. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn árlega fyrir 1. apríl og skal til hans boðað á miðlum félagsins, með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum. Á fundinum hafa allir félagsmenn, 18 ára og eldri, sem eru skuldlausir aðilar að félaginu, atkvæðisrétt. Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður með lögmætum fyrirvara. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

104. Ársþing UMSS
27.apríl, Félagsheimilið Tjarnabær, Sauðárkróki



1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu ári.

Þingskjal 2 fylgiskjal 2 frh.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun tekin um árgjald og innheimtu þess.
4. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns, stjórnar og tveggja skoðunarmanna.
7. Önnur mál.

9. gr.

Rekstrarhagnaði af starfsemi félagsins skal varið til hagsbóta fyrir félagsmenn skv. 2. gr. samþykkt.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta atkvæða. Koma þarf fram í fundarboði aðalfundar að fjalla eigi um slit á félaginu. Verði félaginu slitið skulu eigur þess, ef einhverjar eru, renna til góðgerðarmála samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar sem samþykkir slit félagsins.

11. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu berast stjórn félagsins eigi síður en tveim vikum fyrir aðalfund. Stjórnin skal í fundarboði geta þess ef slíkar tillögur hafa komið fram. Nái breytingartillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna telst hún samþykkt. Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður með lögmætum fyrirvara.

12. gr.

Lög þessi taka gildi um leið og Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og Íþrótt og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) hafa staðfest þau.

104. Ársþing UMSS
27.apríl, Félagsheimilið Tjarnabær, Sauðárkróki



Þingskjal 3

Lagt fram af stjórn UMSS

Breytingar á félagsgjöldum UMSS

104. ársþing UMSS, Félagsheimilið Tjarnabær, Flæðagerði hjá Svaðastaðahöllinni á Sauðárkrók. þann 27. apríl 2024, leggur til að félagsgjöld verði 600 kr. á hvern skattskyldan félagi árið 2024.

104. Ársþing UMSS

27.apríl, Félagsheimilið Tjarnabær, Sauðárkróki



Þingskjal 4

Lagt fram af stjórn UMSS

Breytingar á lottóreglugerð sambandsins

104. ársþing UMSS, Félagsheimilið Tjarnabær, Flæðagerði hjá Svaðastaðahöllinni á Sauðárkrók. Þann 27. apríl 2024, samþykkir eftirfarandi breytingar á lottóreglugerð sambandsins. Það sem tekið er út er yfirstrikað, viðbætur og breytingar eru skáletraðar.

Greinargerð: Vegna breytinga á umsjónarkerfi UMFÍ og ÍSÍ, leggur UMSS fram eftirfarandi breytingar á lottóreglugerð sambandsins

I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir ~~þau þær deildir~~ aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið ~~Nóra eða Felix~~ Sportabler. Iðkendaölur skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendaþjölda.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í ~~Felix~~ Sportabler, skilakerfi skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendaölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í ~~Nóra eða Felix~~ Sportabler. og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

VII. Nýir sambandsaðilar. Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

VIII. Um úthlutun. Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.



Þingskjal 5

Lagt fram af stjórn UMSS

Listi yfir aðildarfélög sem greiða á til úr lottósjóð

1. Golfklúbbur Skagafjarðar
2. Hestamannafélagið Skagfirðingur
3. Siglingaklúbburinn Drangey
4. Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári
5. Ungmennafélagið Hjalti
6. Ungmennafélagið Neisti
7. Ungmennafélagið Tindastóll
8. Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

Bílaklúbbur Skagafjarðar og Íþróttafélagið Gróska mættu ekki á 103. ársþing UMSS

Íþróttafélagið Gróska hefur ekki mætt á þing síðustu 3 ár.

Greinagerð

Samkvæmt UMSS Lottóreglugerð úthlutun

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þau þæf deildir/ aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.



Þingskjal 6

Lagt fram af stjórn UMSS

Fjárhagsáætlun 2024

104. ársþing UMSS, Félagsheimilið Tjarnabær, Flæðagerði hjá Svaðastaðahöllinni á Sauðárkrók. Þann 27. apríl 2024, leggur til framlagða fjárhagsáætlun ársins 2024.

Fjárhagsáætlun UMSS 2024

Rekstrartekjur		Rekstrargjöld	
Lottó og getraunir	3.200.000	Skrifstofa, laun, húsaleiga og rekstur	7.500.000
Sveitarfélagið Skagafjörður	2.580.000	Annar kostnaður	300.000
Félagsgjöld	1.900.000	Afreksmannasjóður UMSS	700.000
Afreksmannasjóður UMSS	700.000	Greitt til Skagfirðings v. mótahalds	200.000
UMFÍ / ÍSÍ ósóttir vinningar	100.000	Greitt til Frjálsíþróttaráðs	200.000
Aðrir styrkir	550.000		
	9.030.000		8.900.000
		Hagnaður / - tap ársins	130.000